

**Sp.**

## **§1. Tillaga til þingsályktunar**

um að fá sildarbræðsluverksmiðjuna Ægi í Krossanesi í eigu ríkisins.

Flm.: Steingr. Aðalsteinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að athuga möguleika á því að fá sildarbræðsluverksmiðjuna Ægi í Krossanesi í eigu ríkisins og heimilar henni að véra til þess því fé úr ríkissjóði, sem nauðsynlegt reynist.

### **G r e i n a r g e r ð .**

Með frumvarpi til laga um að reisa nýjar sildarverksmiðjur á Norðurlandi, sem sjávarútvegsnefnd neðri deildar flytur nú, að beiðni atvinnumálaráðherra og tillögum stjórnar sildarverksmiðja ríkisins, er opinberlega staðfest nauðsyn þess að auka stórlega afköst sildarbræðsluverksmiðja í landinu. Virðist þá einnig auðsætt, að leggja beri áherzlu á, að hagnýttar séu til fulls allar þær verksmiðjur þessarar tegundar, sem þegar eru til. Nú hefur Krossanesverksmiðjan ekki verið starfrækt í tvö ár, og engar líkur til, að hún verði starfrækt af eigendum hennar um ófyrirsjáanlegan tíma. Sýnist mjög fráleitt, að vélar þær og mannvirki, sem þarna eru fyrir hendi, séu látnar ónotaðar, þegar þörf slíkra tækja er jafnbrýn og nú er og slíkir örðugleikar á að afla þeirra véla, sem til þarf,

Auk þessa er starfræksla verksmiðjunnar aðalatvinnugrein verkamannanna í viðkomandi byggðarlagi á venjulegum tímum, og því nauðsynlegt, einnig frá því sjónarmiði, að hún sé starfrækt.

Krossanesverksmiðjan er eign norsks hlutafélags, en með þingsályktunartillögu þessari er ætlað til, að ríkisstjórnin athugi möguleikana á að fá hana í eigu ríkisins, því með því einu móti væri tryggt, að verksmiðjan yrði starfrækt svo sem vera ber. Hins vegar kveður tillagan ekkert á um það, með hverjum hætti þetta yrði — hvort heldur eignarnámi eða kaupum —, en þykir þó sjálfsagt að heimila ríkisstjórninni það fé, sem hún teldi nauðsynlegt til að koma þessu í kring.

Nánar í framsögu.